

Mánaðaryfirlit

Stefnumótunar og greiningar

Mars 2022



Innihald

Bls 3. Húsnæðisstuðningur færður til þeirra tekjuhæstu

Bls. 7. Hvað varð um vaxtabæturnar?

Bls 10. Framleiðni og launaþróun 2021

Bls 12. Atvinnuleysi og laus störf


Húsnæðisstuðningur færður til þeirra tekjuhæstu

Síðasta áratug hafa stjórnvöld markvisst fært húsnæðisstuðning úr vaxtabótakerfinu yfir í önnur kerfi. Þar má nefna stofnframlög, hlutdeildarlán og skattafslátt á ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á

húsnæðislán. Þarf þá að hafa í huga að stofnframlög og hlutdeildarlán eru lán frá ríkinu sem endurgreiðast og ekki er hægt að leggja það til jafns við vaxtabætur sem eru tilfærsla. Skattfrjáls ráðstöfun

Beinn stuðningur ríkisins til heimila með íbúðalán

Heildarútgjöld, mat á verðmæti skattafsláttarins, fast veraðlag




● Vaxtabætur ● Skattaávilnun vegna skattfrjálsrar ráðstöfunar

Heimild: Hagstofa Íslands, sérkeyrsla



Beinn stuðningur ríkisins til heimila með íbúðalán

Heildarútgjöld í hverri tekjutíund, mat á verðmæti skattafsláttarins, á verðlagi ársins 2020



Heimild: Hagstofa Íslands, sérkeyrsla

séreignarsparnaðar er ívilnun þar sem af honum hefði annars verið greiddur tekjuskattur við útgreiðslu. Það er því hægt að meta þann stuðning til fjár. Við útreikninga er stuðningurinn metinn sem sá skattur sem greiddur hefði verið ef ráðstöfunin hefði verið skattlögð að fullu.¹

Árið 2013 fólst beinn fjárhagslegur stuðningur til heimila með íbúðalán í vaxtabótum. Stuðningurinn nam 9,1


milljörðum, eða 0,4% af vergri landsframleiðslu.² Árið 2020 höfðu útgjöldin lækkað um 75%. Á tímabilinu breyttist stefna í húsnæðismálum. Tekin var upp stuðningur í formi skattaívilnunar vegna ráðstöfunar séreignarsparnaðar inn á fasteignalán sem fyrst kom til framkvæmda árið 2014. Sá stuðningur var að hluta mótvægi við skerðingu vaxtabóta. Á heildina lækkaði beinn stuðningur til heimila með íbúðalán um 25%.

¹ Miðað er við meðaltal tekjuskattstofn í einstökum tekjutíundum og aldurshópum og þannig ákvarðast skattþrep. Gögnin er fengin úr sérkeyrslu frá Hagstofu Íslands. Allir eru með nema þeir sem eru með handreiknað eða áætlað framtal. Miðað er við einstaklinga. Hjá sambúðarfólki er öllu deilt í tvennt og teljast sem tveir einstaklingar hjá sambúðarfólki.

² Allar tölur um húsnæðisstuðning eru á verðlagi ársins 2020. Þar sem fólki með handreiknað eða áætlað framtal er sleppt eru útgjöld til vaxtabóta lægri en í staðtölum skatta hjá Ríkisskattstjóra. Árið 2020 var munurinn 39 milljónir kr.

Beinn stuðningur ríkisins til heimila með íbúðalán

Heildarútgjöld í hverjum aldurshópi, mat á verðmæti skattaafsláttarins, á verðlagi ársins 2020




Heimild: Hagstofa Íslands, sérkeyrsla

Vaxtabætur eru tekju- og eignatengdar þannig að ungt og tekjulágt fólk nýtur meiri vaxtabóta í hlutfalli við vaxtagjöld. Þau tekjuhæstu fá mjög lítið í vaxtabætur. Skattfrjáls ráðstöfun séreignarsparnaðar er ekki tekjutengd en hámark er á útgreiðslunni. Hvernig útgreiðslan dreifist eftir tekjum og aldri veltur því á því hverjir nýta sér ráðstöfunina. Gögnin sýna að öll árin njóta þau tekjuhæstu langstærsta hluta af skattaívilnuninni. Tekjuhæstu 10% þeirra sem eru með íbúðalán njóta um helmingis stuðnings skattfrelsisins. Tekjuhæstu 10% fá að

jafnaði um 1-3% vaxtabóta. Á meðfylgjandi myndum má sjá verðmæti skattaafsláttarins og vaxtabóta eftir tekju- og aldurshópum. Vaxtabætur greiðast í mun meira mæli til tekjulægri og yngri hópa. Hæstu vaxtabætur eru greiddar einstaklingum í þriðju til sjöundi tekjutíundum og einstaklingum á aldrinum 25 til 39 ára. Skattaívilnun vegna skattfrjálsrar ráðstöfunar nýtist hins vegar mest hjá einstaklingum í sjöundu til tíundu tekjutíund og einstaklingum á aldrinum 35 til 59 ára.

Uppsafnaður beinn stuðningur ríkisins til heimila með íbúðalán, 2014-2020

Fast verðlag, heildarútgjöld, mat á verðmæti skattafsláttarins



Heimild: Hagstofa Íslands, sérkeyrsla

Fyrir tímabilið 2014-2020 í heild sinni námu vaxtabætur alls 29 milljörðum, þar af fóru 23 milljarðar til tekjulægstu 70% einstaklinga. Fyrir sama tímabil nam skattaívilnun vegna skattfrjálsrar ráðstöfunar 33 milljörðum, þar af fóru 28 milljarðar til þeirra tekjuhæstu 30% einstaklinga. Hlutfall heimila sem fá

vaxtabætur lækkaði stöðugt frá 2009 til 2020 og mun líklega halda áfram að lækka. Árið 2020 fengu 11% þeirra með íbúðalán vaxtabætur. Á meðan nýtti fjórðungur þeirra með íbúðalán sér skattfrjálsa ráðstöfun. Það hlutfall hefur haldist nokkuð stöðugt frá því að heimild til úttektarinnar var leyfð.

Hvað varð um vaxtabæturnar?


Stjórnvöld hafa á undanförunum árum lagt aukna áherslu á að styðja við ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán með skattfrjálsri ráðstöfun. Þessi áherslubreyting hefur orðið á kostnað vaxtabótakerfisins sem hefur verið markvisst veikt síðastliðinn áratug. Vaxtabótakerfið var til umfjöllunar í nýlegum kjarafréttum Eflingar en þar kom m.a.

fram að framteljendur sem fengu vaxtabætur hefði fækkað úr 45 þúsund árið 2013 í einungis 15 þúsund árið 2020. Hvers vegna fá æ færri vaxtabætur og hvers vegna hefur kostnaður við vaxtabótakerfið dregist saman?

Eignarskerðingar hafa veikt vaxtabótakerfið

Vaxtagjöld af húsnæðislánum mynda

Próun vaxtabóta - 1998-2021



rétt til vaxtabóta. Vaxtabætur geta að hámarki orðið 420 þúsund á einstakling á ári, 525 þúsund fyrir einstætt foreldri og 630 þúsund fyrir hjón. Endanlegar vaxtabætur ráðast hins vegar að nokkuð flóknu samspili eignastöðu, tekna og eftirstöðva skulda. Vaxtagjöld sem koma til útreiknings og ráða vaxtabótum eru sú fjárhæð sem er lægst af vaxtagjöldum, 7% af eftirstöðvum skulda eða hámarks vaxtagjöldum sem leyfileg eru. Sú fjárhæð skerðist svo eftir bæði tekjum eða eignum. Tekjuskerðing er 8,5% af tekjustofni


og dregst frá vaxtagjöldum. Eignaskerðing er 7% og hefst við 5 milljónir í eigið fé (8 milljónir hjá hjónum) þar til réttur til vaxtabóta fellur niður við 8 milljón króna eign (12 milljónir hjá hjónum).

Próun skerðinga og bótafjárhæða hefur orðið til þess að æ smærri hópur á rétt til vaxtabóta.

Hámarksvaxtabætur hafa þannig að mestu staðið í stað frá árinu 2010, ef frá er talin 20 þúsund króna hækkun árið 2018 þegar þær hækkuðu úr 400 í 420 þúsund fyrir einstakling.

Eignaskerðing vaxtabóta

M.v. Þar sem kaupir 90fm íbúð í Reykjavík, fullar vaxtabætur, hámarksvaxtagjöld og enga tekjuskerðingu.



Skerðingarhlutfall tekna hefur hins vegar hækkað nokkuð yfir tíma, var 6% við aldarmót, hækkað í 8% árið 2010 og er í dag 8,5%. Öðru fremur hefur samspil eignaverðs og vaxtabótakerfisins orðið til þess að veikja vaxtabótakerfið. Líkt og kemur fram að ofan hefst eign að skerða bætur við 5 milljónir í eigið fé (8 milljónir hjá hjónum) þar til réttur til vaxtabóta fellur niður við 8 milljón króna eign. Eignarskerðing leiðir því til þess að vaxtabætur falla niður við 24% eignarhlut í meðalíbúð í Reykjavík hjá pari, 90fm að stærð. Hjá einstaklingi við 16% eignarhlut. Hlutfallið hefur lækkað jafnt og þétt frá aldarmótum þar sem skerðingarmörk hafa ekki

þróast í takt við eignaverð. Sem dæmi, kostaði 90 fm íbúð að jafnaði um 11 milljónir króna árið 2001. Þar sem festi kaup á slíkri íbúð gat átt í henni 50% eigið fé án þess að eignaskerðing væri byrjuð að skerða vaxtabætur. Tíu árum síðar var meðalverð á sambærilegri íbúð 22,6 milljónir og vaxtabætur byrja að skerðast við 29% eignarhlut.

Framangreindar tölur sýna hvernig eignaskerðing á sér stað í vaxtabótakerfinu og hvernig þær hafa veikt vaxtabótakerfið yfir tíma. Heildarskerðingar eru hins vegar meiri og ráðast af samspili eignarskerðinga, tekjuskerðingar og vaxtagjalda sem ráðast af vöxtum og húsnæðisskuldum.

Framleiðni hækkaði umfram laun

Ný gögn frá Hagstofunni um laun og framleiðslu sýna að framleiðni hækkaði umfram laun milli 2020 og 2021.


Framleiðni og laun eru skilgreind sem framleiðsla og laun auk launatengdra gjalda á hverja unna vinnustund. Í einkageiranum jókst framleiðni um 4,1% á meðan að laun hækkuðu um 2,6%. Þetta gerir að verkum að launahlutfall lækkaði milli ára. Hlutfallið er hefðbundinn mælikvarði á skiptingu verðmætasköpunar milli launafólks og fjármagnseigenda. Það mælir hversu

hátt hlutfall verðmætasköpunar fer til launafólks. Í fyrra var launahlutfallið rétt yfir langtímameðaltali. Síðan 2017 hefur launahlutfall haldist nokkuð stöðugt. Þessar nýju tölur sýna að laun hafi þróast í takt við framleiðni á síðustu árum. Frá aldamótum hafa laun og framleiðni í einkageiranum haldist í hendur. Frá 2000 til 2021 tvöfaldaðist framleiðni á sama tíma og laun hækkuðu um 88%.

Í nýlegri greinargerð ASÍ má lesa nánar um gögnin.

Hækkun á framleiðni og laun milli 2020 og 2021

Framleiðsla og laun auk tengdra gjalda á vinnustund, fast verðlag



Heimild: Hagstofa Íslands, útreikningar ASÍ


● Einkageirinn ● Hagkerfið alls



Launapróun í hagkerfinu


Launahlutfall, 1997-2021

Laun og tengd gjöld sem hlutfall af verðmætasköpun



Laun og framleiðni í einkageiranum, 2000-2021

Framleiðsla og laun auk tengdra gjalda á vinnustund, fast verðlag



Heimild: Hagstofa Íslands, útreikningar ASÍ

● Framleiðni ● Laun

5,2% atvinnuleysi í febrúar



Atvinnuleysi var 5,2% í febrúar samkvæmt skrá

Vinnumálastofnunar og hélst óbreytt frá fyrri mánuði. Alls voru rúmlega tíu þúsund án atvinnu í lok febrúar, þar af 5791 karlar og 4420 konur.

Atvinnuleysi mældist hæst á Suðurnesjum, 9,2% en að jafnaði er atvinnuleysi 5% á landsbyggð borið saman við 5,3% á höfuðborgarsvæði.

Nokkuð hefur dregið úr atvinnuleysi frá því það mældist sem hæst, 11,6% í byrjun síðasta árs. Atvinnuleysi í heimsfaraldri var að hluta framleiðslugeta sem lá í dvala þegar ferðaþjónusta starfaði undir fullri getu sökum ferðatakmarkana og sóttvarnaraðgerða. Við afléttingu ferðatakmarkana hjaðnaði atvinnuleysi hratt og hefur frá síðasta

Atvinnuleysi eftir svæði



hausti verið svipað og það var fyrir heimsfaraldur.

Nokkuð hefur borið á umræðu um að fyrirtæki fái ekki fólk til starfa og að atvinnuleysistryggingar letji fólk til vinnu. Þessar fullyrðingar eru þó illa studdar með gögnum og eru í mótsögn við það að atvinnuleysi hafi að jafnaði verið lægra hér á landi en í nágrannalöndum og atvinnuþátttaka

með því hæsta sem þekkist. Hið rétta er að á vinnumarkaði hefur dregið hratt úr atvinnuleysi og lausum störfum fer fækkandi. Þróunin er til marks um að áhrif heimsfaraldurs hafi gengið hratt til baka samhliða afléttingum. Þó má velta því upp hvort misræmi fari vaxandi á vinnumarkaði þar sem framboð vinnuaflds sé ekki í takt við vinnuaflseftirspurn. Slíkt þróun gæti haft áhrif til aukins kerfislægs atvinnuleysis.


Dregur úr fjölda lausra starfa

Hlutfall lausra starfa var 2,4% á fjórða ársfjórðungi sem jafngildir um 5400 lausum störfum. Nokkuð hratt hefur dregið úr lausum störfum undanfarið en mest mældust þau 9 þúsund á öðrum ársfjórðungi 2021, fljótlega eftir að dregið var úr ferðatakmarkunum vegna heimsfaraldurs. Þetta kemur fram í mati Hagstofunnar á fjölda lausra starfa í hagkerfinu en frá byrjun árs 2019 hefur Hagstofan haldið úti svokallaðri starfaskráningu (e. job vacancy survey). Könnunin er


framkvæmd ársfjórðungslega og nær yfir alla lögaðila á Íslandi.

Sérstaklega hefur dregið hratt úr þeim fjölda lausra starfa sem komu til í ferðapjónustu við slökun ferðatakmarkana. Hlutfall lausra starfa í ferðapjónustu mældist þannig 13,8% á öðrum ársfjórðungi síðasta árs en er í dag um 2,6%. Lausum störfum fækkaði þannig um 2200 á skömmum tíma. Hlutfall lausra starfa í ferðapjónustu er í dag sambærilegt við hagkerfið í heild sinni.

Hlutfall lausra starfa



Hlutfall lausra starfa eftir atvinnugrein



Séu laus störf skoðuð eftir atvinnugreinum er mest um laus störf í sérhæfðari starfsemi, t.d. mannvirkjagerð, sérhæfðri þjónustu og í upplýsingageira og fjarskiptum. Þar er hlutfall lausra starfa um 6% borið saman við 2,4% í hagkerfinu í heild sinni. Lægst mælist hlutfall lausra starfa hjá hinu opinbera, þ.e. í fræðslu, heilbrigðis eða félagsþjónustu, í fjármálageira og í landbúnaði og sjávarútvegi.